

Minnispunktur vegna umsóknar um
akstur utan vega á fjallabaki, júní 2017

Bílar og umferð á svæði.

3 Stórir bílar (rútur eða trukkar) með eftirvagn og 7 rútur án eftirvagns.

Þessum bílum verður lagt á stæði sem verða gerð á Dómadalsleið og fara ekki út af henni. Stæði fyrir þessa bíla verður á tveimur stæðum, en á báðum stöðum má snúa við stærri bílum án þess að valda óafturkræfu raski.

Annars vegar er um að ræða tvískiptan vegkafla sem er um kílómeters langur, um 3 kílómetra frá Þjóðveg. Þar geta stærri bílar lagt á öðrum veginum. Sjá myndir hér að neðan.

5



Mynd 1



Mynd 2

Hitt stæðið á að vera við hestagerði við Klofninga á Dómadalsleið. Gert er ráð fyrir 500 fermetra svæði. Þarna er þéttpakkaður sandur og nær gróðurlaust.



Mynd 3



Mynd 4

Önnur umferð á svæði

Heildarfjöldi starfsmanna verður á bilinu 50 til 80 á tímabilinu. Frá stæðum verður farið inn á svæði á 8 til 10 fjórhjóladrifnum bílum, þar af minnst einum mikið breyttum bíl til að þess að lágmarka rask vegna hans. Bílarnir munu ferja tækjabúnað, mannskap og fleira. Tvö eða þrjú sexhjól verða notuð við tökur. Drónar og bómubílar verða einnig notaðir.

Þeir slóðar sem eru til fyrr og verða eknir milli tökustaða verða stikaðir sérstaklega til að fyrirbyggja óþarfan utanvegaakstur. Haldinn verður fundur með ökumönnum áður en tökur hefjast og verða aðeins valdir ökumenn sem eru vanir akstri í fjalllendi.

Akstur utan vega

Teknar hafa verið myndir af tökustöðum og þær settar inn á gagnvirk kort sem sýnir einnig þá slóða sem eru fyrir á svæðinu. Akstur utan vega er merktur með bláum lit og akstur á vegi/slóða merktur með fjólubláum.

<https://drive.google.com/open?id=1BzbGsS417Wy4f2BgkU2UzftlfyU&usp=sharing>

Taflan að neðan sýnir stikaðar vegalengdir akstursleggja á tökustað, talið í metrum. Með slóða er hér átt við slóða sem merktur er á korti LMÍ eða í GPS ferlasafni ferðaklúbbsins 4x4, hvort sem hann raunverulega sést eða ekki.

Á sjáanlegum slóða	Á slóða sem hverfur að vetri	Akstur utanvega
380	1.500	906
201		195
1.000		100
1.000		500
		450
2.581	1.500	2.151

Umfram utanvegaakstur í tökum verður utanvegaakstur milli tökustaða tæpir 2 kílómetrar á sandi, vegna syðstu tökustaðanna tveggja.

Á einstaka stað verður ekki ekið utanvegar heldur verður bíll dreginn með spili, s.s. í brekkum.

Næstu tvær myndir sýna lengsta einstaka utanvegaraksturskafla á tökustað. Ekið af vegi upp hrygg, ofan af toppi niður sandbrekku, upp gil. Alls um 900 metrar. Vikur/melur á toppi en annars sandur.



Mynd 5



Mynd 6

Ekið suður með Norðurbjöllum 1,5km á slóða sem má finna í GPS ferlasafni fjallaklúbbsins 4x4 en hverfur á vetri.



Mynd 7

Við kletta vestan Feðga verða eknir um 100 metrar utanvegar. Þar verður einnig sett upp 200 fermetra sviðsmynd, tjaldbúðir þar sem sett verður á svið rannsóknarvinna jarðvísindamanna.



Mynd 8



Mynd 9

Allir tökustaðir eru í eyðihrauna- eða -melavist, fyrir utan eina brekku við slóða inn að Heklu þar sem finnst dreifð ljónslappaskriðuvist.



Mynd 10



Mynd 11

Frágangur

Umsækjandi ábyrgist að lágmark þrír starfsmenn muni vinna að leiðréttingu á jarðvegsraski í minnst þrjá daga. Umsækjandi hefur til umráða tvær gerðir af slóðadrögum og sexhjól. Hefur gott orðspor fyrir frágang í fyrri verkefnum.

Ljósmyndir

Ljósmyndir af tökustöðum má sjá á eftirfarandi hlekk.

<https://goo.gl/photos/2iZCZQHC6wU2A8LY8>